

Til borgarráðs

Tillaga um stofnun Eignasjóðs og Umhverfis- og samgöngusviðs

Lagt er til við borgarráð að stofnaður verði eignasjóður sem fer með rekstur, kaup og sölu eigna borgarinnar, svo sem lönd, lóðir og aðrar fasteignir, samgöngumannvirki og lausafé, sem fellur undir A-hluta í rekstri Reykjavíkurborgar, sem og tillögugerð varðandi úthlutun lóða. Borgarstjórn kjósi fimm manna stjórn eignasjóðs sem heyri undir borgarráð með sama hætti og fagråd borgarinnar. Almennur rekstur allra sviða heyri hins vegar áfram undir aðalsjóð.

Jafnframt er lagt til að Framkvæmdasvið og framkvæmdaráð verði lagt niður og einnig Skipulagssjóður og stjórn skipulagssjóðs.

Umhverfisráð verði umhverfis- og samgönguráð og Umhverfissvið verði Umhverfis- og samgöngusvið.

Nýr eignasjóður geri leigusamninga/þjónustusamninga við Umhverfis- og samgöngusvið vegna samgöngumannvirkja og opinna svæða líkt og önnur fagsvið gera um fasteignir. Bílastæðasjóður, sem er B-hluta fyrirtæki, verði á forræði Umhverfis- og samgöngusviðs. Verkefni skipulagssjóðs verði í nýjum eignasjóði.

Breytingar þessar taki gildi 1. janúar 2008.

Greinargerð

Í dag eru reknir tveir eignasjóðir í A-hluta borgarsjóðs, annars vegar Eignasjóður gatna og fasteigna og hins vegar Skipulagssjóður. Þá er Bílastæðasjóður rekinn sem B-hluta fyrirtæki og eignir bílastæðasjóðs reknar í því fyrirtæki. Fyrstu skref voru tekin árið 2002 þegar Eignasjóður gatna og fasteigna varð til og um leið reiknuð innri leiga. Þá voru langtímaskuldir vegna eignasjóðs færðar þangað úr aðalsjóðshluta borgarsjóðs um síðustu áramót.

Tilgangur breytinganna nú er margþættur:

- Þær eru eðlilegt framhald þeirra breytinga á eignarekstri Reykjavíkurborgar sem hófust árið 2002. Eignarekstrinum er komið í svipað umhverfi og ríkir á markaði, sem ætlað er að auka aðhald og auðvelda eðlilegan samanburð. Af þessu leiðir að greiðslur frá aðalsjóði verða eingöngu í formi leigu eða samkvæmt þjónustusamningum, en í dag er Framkvæmdasvið rekið bæði í eignasjóði og aðalsjóði, eitt sviða.
- Allur kostnaður verður sýnilegri þar sem hann myndast og því fá stjórnendur borgarinnar betri tilfinningu fyrir rekstrarkostnaði vegna húsnæðis og lausafjármuna. Leigusamningar verða gerðir fyrir í ferlinu en nú er, en það mun gefa fagsviðunum færi á að nýta eignir sem tilheyra rekstri þeirra sem best. Jafnframt fæst betri yfirsýn við ákvarðanatöku og kostnaðarbreytingar til lengri tíma litið liggja skýrar fyrir.

- Kaup, sala og leiga verður á einni hendi og hvati myndast til að auka tekjur af vannýttum eignum.
- Gerð langtímaáætlana fyrir eignasjóð verður lykilatriði í rekstri hans og vægi þriggja ára áætlana verður meira. Þróun rekstrarkostnaðar verður því skýrari til lengri tíma lítið.
- Til verður öflug eining sem fær tækifæri til að gera fagsviðum Reykjavíkurborgar tilboð í formi þjónustusamninga um margvíslega þjónustu sem leitt getur til rekstrarhagræðingar.
- Með því að hluti af núverandi starfsemi Framkvæmdasviðs verður á forræði Umhverfis- og samgöngusviðs verður til viðsemjandi eignasjóðs vegna gatna og opinna svæða eins og við önnur fagsvið Reykjavíkurborgar. Um leið fæst tækifæri til að efla vægi umhverfisins við rekstur borgarlandsins og mótun samgöngumannvirkja, þar sem undirbúningur stofnframkvæmda, þar með talin forhönnun (mat valkosta, umhverfismat, samráð við íbúa og hagsmunaaðila) vegna umferðarmannvirkja og opinna svæða verður á forræði Umhverfis- og samgöngusviðs í samráði við Eignasjóð og Skipulags- og byggingarsvið. Verkhönnun, framkvæmd og skilamat stofnframkvæmda verður síðan á forræði Eignasjóðsins.
- Líkt og með fasteignir verða gerðir leigusamningar um umferðarmannvirki og opin svæði þar sem innifalið í leigunni er viðhald viðkomandi mannvirkja. Rekstrarkostnaður, t.d. snjómokstur, hreinsun, sláttur o.fl., verður greiddur af leigutaka sem mun gera þjónustusamning við Eignasjóð um þann hluta rekstursins sem nú er hjá Framkvæmdasviði. Gert er ráð fyrir að þjónustusamningar verði í upphafi gerðir til 4 ára. Þá er að svo stöddu gert ráð fyrir óbreyttu rekstrarformi verkþækistöðva Umhverfissviðs.
- Fyrirhugaðar breytingar munu ekki leiða til uppsagna starfsfólks. Almennt er gert ráð fyrir að starfsmenn færast með þeim meginverkefnum sem þeir hafa með höndum til nýs Eignasjóðs eða eftir atvikum til Umhverfis- og samgöngusviðs. Tilfærslan sem slík mun ekki raska áunnum réttindum starfsmanna. Þessi áform hafa verið kynnt í samráðsnefnd með heildarsamtökum starfsmanna eins og EES tilskipun um samráð og upplýsingar gerir ráð fyrir, sbr. meðf. fundargerð.
- Eins og fram kemur í meðfylgjandi minnisblaði borgarlögmanns, kalla breytingar þessar á að sérstök heilbrigðisnefnd Reykjavíkurborgar verði komið á fót að nýju, í stað þess að fela umhverfis- og samgönguráði verkefni hennar.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson